

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 68/2004**frá 15. janúar 2004****um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd****(Texti sem varðar EES)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópubingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningssflugi ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórninni ber, skv. reglugerð (EB) nr. 2320/2002, að samþykkja ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd í öllu Evrópusambandinu. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003 frá 4. apríl 2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd ⁽²⁾ var fyrsta gerðin um slíkar ráðstafanir.
- 2) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2320/2002 og til að koma í veg fyrir ólöglegt athæfi er rétt að ráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 622/2003, séu leynilegar og ekki birtar opinberlega. Það sama gildir óhjákvæmilega um allar gerðir sem breyta henni.
- 3) Engu að síður er þörf á samræmdri skrá, sem almenningur hefur aðgang að, þar sem taldir eru upp þeir hlutir, sem farþegum er bannað að bera inn á haftasvæði og inn í farþegarými loftfars, og þeir hlutir sem bannað er að hafa í farangri sem geymdur er í lest loftfarsins.
- 4) Vitað er að slík skrá getur aldrei verið tæmandi. Viðeigandi yfirvald ætti því að hafa heimild til að banna aðra hluti til viðbótar við þá sem eru í skránni.

Rétt er að tilkynna farþegum á skýran hátt, fyrir og við innskráningu, hvaða hlutir eru bannaðir.

- 5) Einnig skulu vera samræmdar reglur um starfsfólk, þ.m.t. flugáhafnir, og rétt starfsfólks til að flytja með sér hluti sem eru nauðsynlegir til að það geti sinnt starfi sínu en eru bannaðir farþegum.
- 6) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 622/2003 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglu eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningssflugi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Markmið

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 622/2003 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

Ákvæði 3. gr. þeirrar reglugerðar gilda varðandi leynd yfir viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá 1. febrúar 2004.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. janúar 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Loyola DE PALACIO

varaforseti.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 89, 5.4.2003, bls. 9.

VIÐAUKI

Í samræmi við 1. gr. er viðaukinn leynilegur og skal ekki birtur í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.
